

Heiðaskóli

b.t. Helenu Bergström

Reykjavík 26. maí 2021

Efni: Vegna Grænfánaúttektar 21. maí sl.

Kæra Helena

Bestu þakkir fyrir góðar móttökur í úttektinni. Það var gaman að spjalla við ykkur í umhverfisnefndinni og heyra hvað þið hafið gert margt flott á tímabilinu. Hér að neðan er endurgjöf til ykkar ásamt niðurstöðum úttektarinnar.

Þið unnuð með þemun lífbreytileika, loftslagsbreytingar og neysla á tímabilinu. Skólinn er langt kominn í verkefninu og grænfáninn sannarlegur hluti af daglegu starfi. Það getur verið áskorun fyrir lengra komna skóla eins og ykkar að dvelja við ákveðin þemu því þið hafið nú þegar gert svo margt. Það er í góðu lagi að taka þema sem hafa áður verið tekið fyrir það kemur alltaf einhver ný nálgun. Einnig hægt að tengja ný markmið við þau verkefni sem þið hafið fest í sessi.

Markmið:

1. **Minnta notkun plasts.** Takmarka notkun eins og hægt er t.d. ein einföld breyting að hætta að kaupa ísblóm, þar sem því fylgir mikið plast.
2. **Matarsóunarverkefni.** Vakinn er athygli á matarsóun með því að vikta matarafganga og skoða hversu miklu er hent og kanna hvort einhver munur sé á. Niðurstöður settar uppá vegg.
3. **Tína rusl úti.**
4. **Minnta rusl/úrgang.**
5. **Minnta neyslu.** Nemendur fá fræðslu um hvaðan vörurnar koma, það einmitt gott að ræða þetta. Ef nemendur átta sig á því hversu mikla orku það tekur að framleiða t.d. hrísgrjón, þá ætti virðing fyrir matvælnum aukast.
6. **Taka þátt í hjálparstarfi.**
7. **Gróðursetning.** Kolefnisjöfnun.
8. **Fræðsla.** Að nemendur tileinki sér hugtökin, auðlind, sjálfbær þróun, vistvæn orka.
9. **Stunda útinám/útivist.** Nemendur voru virkjaði á ýmsan hátt til útiveru, með kartöflurækt, gönguferðum, útinámi.

10. **Kynna sér loftlagsbreytingar.** Þemavika um loftlagsbreytingar sem endaði með kynningu fyrir foreldra.
11. **Tileinka sér hugtakið lífbreytileiki.** Þemavika um lífbreytileika, dýr í útrýmingarhættu skoðuð og fuglaborð smíðuð.
12. **Lagfæringar á skólalóð.** Erindi sent til sveitastjórnar og það sem bent var á var lagað. Mjög flott að nemendur komi með hugmyndir sem tekið er mark á það er valdeflandi fyrir þau.

Samantekt markmiða:

Skólinn uppfyllti markmiðum sem sett voru á tímabilinu. Við mælum með því að setja 5-6 markmið innan þessa þema sem þið veljið.

Vinna við skrefin sjö:

1. Umhverfisnefnd

- ✓ Í nefndinni eru fulltrúar frá 1-10. bekk, áhugasamir nemendur bjóða sig fram. Nemendur buðu sig fram og dregið var um nemendur í umhverfisnefnd. Fulltrúar frá öllum bekkjum.
- ✓ Umhverfisnefnd samanstendur af breiðum hópi aðila sem koma að skólastarfinu. Fulltrúar kennara frá hverju skólastigi.
- ✓ Nemendur hafa mikið vægi í umhverfisnefndinni og nemendur eru í meirihluta. Lýðræðisleg vinnubrögð eru virt og nemendur fá að koma með athugasemdir og hugmyndir.
- ✓ Fjöldi funda: Fundað er einu sinni í mánuði, sem er mjög gott! Fundargerðir voru skráðar á umhverfisnefundarfundum.

Athugasemdir:

Nemendur hafa mikið vægi í grænfánastarfinu. Við mælum með því að þið haldið áfram á þeirri braut.

2. Mat á stöðu umhverfismála

Punktur

- ✓ Nemendur ásamt starfsfólki fylltu út umhverfismat í upphafi tímabils.

Athugasemdir:

Notast var við [umhverfisgátlista](#) með nemendum. Mælt er með því að taka umhverfismat í upphafi tímabils og við lok. Með því er hægt að sjá árangurinn. Umhverfismatið má aðlaga að skólanum, klippa út og bæta inn, eftir því sem ykkur hentar.

3. Áætlun um aðgerðir og markmið

Punktur

- ✓ Markmið og aðgerðaráætlun voru gerð út frá umhverfismati
- ✓ Nemendur höfðu vægi við gerð markmiðanna
- ✓ Lýðræðislega var unnið að gerð markmiðanna
- ✓ Markmiðin eru vel sýnileg innan skólans
- ✓ Allir innan skólans voru upplýstir um markmiðin
- ✓ Markvisst hefur verið unnið að markmiðunum

Athugasemdir:

Það er gott að setja markmiðin upp á [markmiðssetningareyðublað](#). Þetta auðveldar utanumhald með markmiðunum.

Við mælum með því að markmiðin séu „SMART“.

Eða *Skýr, Mælanleg, Aðgerðamiðuð, Raunveruleg og Tímasett*. Notast má við [aðgerðaráætlun eða markmiðasetningareyðublað](#) til að skilgreina þessi atriði.

4. Eftirlit og endurmat

Punktur

- ✓ Stöðugt eftirlit á árangri fór fram á milli umhverfisnefndarfunda
- ✓ Staðan var tekin á umhverfisnefndarfundum, þ.e. metið hvernig gengi að ná fram settum markmiðum

Athugasemdir:

Umhverfisnefnd fylgdist vel með gangi mála.

Unnið er að markmiðum á tímabilinu og þó að mælt er með því að setja markmið í upphafi þá má vinna að gerð nýrra markmiða yfir allt tímabilið. Markmiðin eru ekki meitluð í stein, heldur geta þau breyst eftir því sem aðstæður í skólanum breytast eða verkefnið þróast. Gott að [Markmiðssetningareyðublaðið](#) nýtist ykkur vel í starfinu.

5. Námsfemisgerð og tenging við aðalnámskrá

Punktur

- ✓ Nemendur í öllum bekkjum/deildum unnu verkefni sem tengdust þeim og markmiðum Skóla á grænni grein
- ✓ Vinna við verkefnið var markvisst tengd grunnþáttum aðalnámskrár

Athugasemdir:

Grænfánaerkefnið byggir á menntun til sjálfbærni og grunnþáttum menntunar eins og jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, heilbrigði og velferð órjúfanlegir þættir auk sköpunar og læsis. Þetta tengist allt verkefninu á einhvern hátt.

6. Að upplýsa og fá aðra með

Punktur

- ✓ Allur skólinn (nemendur og starfsmenn) var upplýstur um markmið og aðgerðir í verkefninu
- ✓ Foreldrar voru fræddir um verkefnið, þemu þess og markmið og hvattir til þátttöku
- ✓ Nærsamfélagið var frætt um þátttöku í verkefninu, þemu þess og markmið og hvatt til þátttöku
- ✓ Haldinn var viðburður á skólaárinu sem tengdist áherslum grænfánastarfsins.

Athugasemdir:

Vel var staðið að fræðslu innan skólans og tók grænfánanefndin virkan þátt í henni m.a. var foreldrum boðið á uppskeru tengdu þemadögum, vegna covid féll það niður seinna árið.

7. Umhverfissáttmáli

Punktur

Umhverfissáttmáli skólans samanstendur af umhverfisstefnu skólans.

Athugasemdir:

Umhverfisstefna skólans er mjög góð sem slík, flott að þið búið til stutt slagorð sem tengist þemanu hverju sinni. Sáttmálinn er sjöunda skrefið og á að endurtaka á hverju grænfánatímabili.

Heildarútkoma:

Heiðarskóli vinnur á faglegan hátt eftir eigin sjálfbærni- og umhverfisstefnu. Sjálfbærnimenntun er samþætt öllu námi og skólinn er flottur grænfánaskóli. Það er áskorun fyrir lengra komna skóla að halda áfram að dýpka sjálfbærnimenntun. Þið vinni fjöldann allan af flottum verkefnum sem eru orðin fastur liður í skólastafinu, mjög glæsilegt, svo eru þið með þemaviku þar sem allur skólinn tekur þátt og tengir við þemað á einhvern hátt.

Við minnum að lokum á heimasíðu grænfánans: graenfaninn.is en hún er nú hýst á nýrri slóð og því gott að uppfæra tengla á heimasíðum og þar sem henni er miðlað áfram. Á síðunni má finna nánari upplýsingar um verkefnið ásamt upplýsingum um þemun og hugmyndir að verkefnum sem hægt er að vinna.

Við hvetjum ykkur til að taka þátt í [Grænfánaspjallinu á facebook](#).

Að lokum:

Þið hafið náð þeim góða árangri að fá grænfánann afhentan í sjöunda sinn. Innilega til hamingju með það!

Bestu kveðjur,
Sigurlaug Arnardóttir
Sérfræðingur Skóla á grænni grein